

Sp. 79. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]
um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að gera tillögur um stofnun sumarheimila í sveitum fyrir börn úr kaupstöðum og kaup-
túnum.

Skal það meðal annars sérstaklega kannað, hvort og þá á hvern hátt því verði við
komið að nýta skólahúsnæði í þessu skyni.

Stefna ber að því, að á slíkum sumarheimilum hafi börnin viðfangsefni, er geti
orðið þeim að sem mestum andlegum og líkamlegum þroska, þ. á m. ræktunarstörf,
gæzla húsdýra og umgengni við þau.

Nefndin skal hafa samráð við borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnir kaup-
staða, sveitarstjórnir kauptúnahreppa og barnaverndarráð Íslands.

Ráðherra skipar fjóra menn eftir tilnefningu þingflokka, einn frá hverjum,
en fimmta nefndarmanninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.
Nefndin skili álit svo fljótt sem verða má.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Lengi var það háttur kaupstaðarbúa að koma börnum sínum á sveitaheimili til
sumardvalar. Þótti þessi tilhögun holl og þroskavænleg fyrir börnin og því mjög eftir-
sótt að koma þeim þannig fyrir, og flest kaupstaðarungmenn hafa fram undir þetta
notið góðs af slíkri sumardvöl í sveit.

Nú er öldin önnur hvað snertir möguleika sveitafólks til að taka á móti þessum
sumargestum. Því veldur hin mikla fólksfækkun, sem orðið hefur á svo að segja
hverju einasta sveitaheimili. Þar er ekki lengur sá vinnukraftur innanhúss, sem með
þarf til að sinna þörfum aðkomubarna. Þörfin fyrir sumardvöl kaupstaðarbarna í
sveit er þó ekki minni en áður, þvert á móti vex hún óðfluga með fólksflutningum til
þéttbýlisins.

Ýmis félagssamtök í landinu hafa á virðingarverðan hátt leitast við að bæta nokk-
uð úr þessari þörf, og á vegum Reykjavíkurborgar hefur verið starfræktur vinnuskóli,
sem innt hefur af hendi ágætt starf, en þetta hvort tveggja leysir ekki nema að mjög
takmörkuðu leyti það viðfangsefni, sem hér um ræðir.

Af þessu hefur það leitt, að foreldrar í kaupstöðum hafa neyðst til að koma börn-
um sínum á barnaskólaaldri til starfa á hinum almenna vinnumarkaði, þegar ekki er
um skólagöngu þeirra að ræða. Eru dæmi þess, að börn hafa verið sett til þeirra starfa,
sem ekki verða talin þeim holl eða hættulaus, hvorki andlega né líkamlega.

Hér er tvöföld hættu á ferðum. Annars vegar sú, að kaupstaðabörn missa af þeim
skóla, sem sveitin og sveitalífið hefur verið börnum landsins, hins vegar ráðast þau
til þeirra starfa við sjávarsíðuna, sem jafnvel geta orðið þeim viðsjárverð, eða þau
hafa engin sérstök viðfangsefni, en það er kannske verst af öllu.

Flutningsmönnum er sú skoðun kunn, sem margir hafa á þessum málum, að
þeim sé bezt borgið í höndum einstakra áhugamanna og samtaka þeirra, og sízt viljum
við gera hlut þessara manna lítinn.

En það er skoðun okkar nú sem fyrr, að þetta viðfangsefni sé svo stórt í sniðum,
að ofætlun sé að ætla þeim að leysa það einum og án aðstoðar hins opinbera.

Vaxandi erfiðleikar hafa á undanförunum árum verið á því að fá skólaæskunni
sumarverkefni. Meðan kennslutilhögun er í núverandi horfi, er sumarleyfi nemenda
að jafnaði 4—5 mánuðir á ári. Það er vissulega mikið starf, sem krefst ærinnar skipu-
lagningar, að fá þessu unga fólki heppileg viðfangsefni.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að nauðsyn sé að gera sér grein fyrir því,
hver sé þörf á aukningu sumarheimila í sveit fyrir börn í Reykjavík og öðrum þétt-
býlissvæðum landsins, og finna að því búnu leiðir til úrbóta.